



Stuðningur við kennara fyrir EININGU 4: VIÐBÚNAÐUR VIÐ HAMFÖRUM Í SKÓLUM OG ÖRUGGT NÁMSUMHVERFI

ÞJÁLFUNARLOTA 21: Viðvörðunarkerfi fyrir öryggi í skólum

Höfundur: Institute of Entrepreneurship Development / VETREADY

Project Partnership

Verkefnisnúmer: 2024-1-ES01-KA220-VET-000257287



Co-funded by
the European Union

Þetta verkefni er styrkt af Evrópusambandinu. Þær skoðanir og þau viðhorf sem koma hér fram eru þó eingöngu á ábyrgð höfunda og endurspegla ekki endilega sjónarmið Evrópusambandsins eða Servicio Español para la Internacionalización de la Educación (SEPIE). Hvorki Evrópusambandið né styrkveitendur bera ábyrgð á innihaldi verkefnisins.



Yfirlit yfir leiðsögn fyrir kennara

Þessi glærupakki fyrir kennara er ætlaður sem stuðningur við þjálfunarlotuna **Viðvörðunarkerfi fyrir öryggi í skólum** og veitir hann markvissar leiðbeiningar til að styðja við árangursríka framkvæmd þjálfunarlotunnar.

Markmiðið er að styðja kennara við að:

- Skilja **helstu markmið** þessarar þjálfunarlotu innan einingarinnar
- Beita **viðeigandi kennsluaðferðum og verkfærum** til að virkja nemendur í starfs- og verknámi, endurmenntun og innflytjendasamfélögum
- Stýra **verkefnum** af öryggi, hvetja nemendur til íhugunar og styðja við að þekkingin festist í sessi
- Aðlaga framkvæmd lotunnar að **ólíkum kennsluformum** (staðnám, fjarnám, blandað nám) og ólíkum þörfum nemenda

Athugið: Að ljúka þessari þjálfunarlotu og tilheyrandi fjölvalsprófi stuðlar að faglegri þróun kennara og getur leitt til viðurkenningu.

Námsefni þjálfunarlotunnar

- Tilgangur þjálfunarlotunnar

Markmið þjálfunarlotunnar

Inngangur: Hvað er vitund og viðbrögð við vatnstengdum hamförum í tengslum við öryggi í skólum?

Lykilhugtök og hugtakanotkun

Að skilja mikilvægi lotunnar

Af hverju þessi þjálfunarlota skiptir máli

- Náttúruhamfarir í samhengi við öryggi í skólum

Jarðskjálftar

Jarðskjálftar – Hvernig á að þekkja viðvörunarmerki?

Flóð

Flóð – Hvernig á að þekkja viðvörunarmerki?

Staldráðu við og veltu fyrir þér

- Tæknileg og iðnaðartengd vá í samhengi við öryggi í skólum

Efnaleki á rannsóknarstofu

Hvernig á að þekkja merki: Efnaleki á rannsóknarstofu

Rafmagnsbruni eða yfirspenna

Hvernig á að þekkja merki: rafmagnsbruni eða yfirspenna

Staldráðu við og veltu fyrir þér

- Líffræðileg og heilsutengd vá í samhengi við öryggi í skólum

Útbreiðsla öndunarfærasjúkdóma (loftgæði og útsetning fyrir reyk)

Öndunarfærasjúkdómar – Hvernig á að þekkja einkenni?

Reykinnöndun – Hvernig á að þekkja viðvörunarmerki?

Matarbornir sjúkdómar í mötuneyti skólans (mengun eða ófullnægjandi geymsla)

Matarbornir sjúkdómar í mötuneyti skólans – Hvernig á að þekkja einkenni?

Mengun í vatni og matvælum (vegna leifa eftir eldsvoða) – Hvernig á að þekkja viðvörunarmerki?

Staldráðu við og veltu fyrir þér

- Hvetjandi aðgerðir og fyrirmyndir
- Fleira til að skoða
- Heimildir sem notaðar voru við gerð þessarar þjálfunarlotu
- Heimildir sem notaðar voru við gerð þessarar þjálfunarlotu: myndheimildir

Tillögur að kennsluaðferðum og verkfærum

Kennsluaðferð 1: Kortlagning áhættu í skólanum

Af hverju þessi aðferð?

- Hún hvetur nemendur til að greina hugsanlegar hættur innan skólans og í næsta umhverfi hans.
- Hún stuðlar að sameiginlegri ábyrgð nemenda og starfsfólks á því að viðhalda öryggi.
- Hún eykur færni í athugun, teymisvinnu og lausnaleit.

Dæmi um framkvæmd:

Nemendur vinna í litlum hópum og fara yfir ólík svæði skólans (kennslustofur, ganga, leiksvæði, mötuneyti, rannsóknarstofur). Með prentuðu skólakorti merkja þeir staði þar sem hugsanlegar hættur eru til staðar (t.d. stíflaðar útgönguleiðir, lausir kaplar, þung húsgögn). Að lokum kynna hóparnir niðurstöður sínar og leggja til forvarnaraðgerðir sem eru settar saman í áætlun um bætt öryggi í skólanum.

Tillögur að kennsluaðferðum og verkfærum

Kennsluaðferð 2: Hermanir

Af hverju þessi aðferð?

- Hún styrkir verklega viðbragðsfærni í neyð, svo sem við jarðskjálfta, eldsvoða eða flóð.
- Hún hjálpar nemendum að prófa hlutverk samhæfingar, samskipta og leiðtogahæfni í rauntíma.
- Hún þróar tilfinningalegan viðbúnað og dregur úr hræðslu þegar raunverulegir atburðir eiga sér stað.

Dæmi um framkvæmd:

Kennarinn skipuleggur hermingu neyðarástands í skóla (t.d. jarðskjálfta). Nemendum eru úthlutuð hlutverk: nemendur, kennarar, öryggisverðir eða starfsfólk í skyndihjálp. Tímasett æfing er framkvæmd samkvæmt rýmingaráætlun skólans. Að lokum er stutt yfirferð þar sem nemendur íhuga hvað gekk vel, hvað skapaði óvissu og hvernig bæta megi viðbragðsáætlunina.

Tillögur að kennsluaðferðum og verkfærum

Kennsluaðferð 3: Vitundarvakning um öryggi

Af hverju þessi aðferð?

- Hún hvetur nemendur til að tileinka sér öryggisþekkingu og miðla henni á skapandi hátt.
- Hún stuðlar að samvinnu nemenda, kennara og nærsamfélagsins.
- Hún hjálpar til við að styrkja jákvæða öryggishegðun með áhrifum jafningja og sjónrænum boðskap.

Dæmi um beitingu

Nemendur reyna að stuðla að vitundarvakningu í skólanum um viðbúnað vegna hamfara. Í litlum teymum búa þeir til veggspjöld, stutt myndbönd eða skilaboð fyrir samfélagsmiðla um hvernig halda megí öryggi í neyð (t.d. öryggisráð við jarðskjálfta, rýmingarleiðir í eldsvoða eða neyðarsímanúmer). Efnið er sett upp í skólanum eða deilt í tengslum við öryggisviku. Verkefnið eykur ekki aðeins vitund heldur styrkir einnig nemendur í að verða öryggissendiherrar í samfélaginu.

Ráð til að virkja nemendur



Aðlögunarleiðir

Staðnám

- Settu fyrir verklegar æfingar, svo sem áhættukortlagningu, rýmingaræfingar eða skyndihjálparæfingu, í raunverulegu skólaumhverfi.
- Notaðu umræðu í kennslustund og hópavinnu til að greina öryggismál og móta sameiginlega áætlanir um viðbúnað í skólanum.

Fjarnám

- Nýttu gagnvirk verkfæri, svo sem harmanir, stafræn kort og netpróf, til að kenna skrefin í viðbrögðum við hamförum.
- Notaðu myndbandsdæmi eða myndefni til að sýna raunverulegar hamfarasviðsmyndir og örugg viðbrögð.

Blandað nám

- Sameinaðu sýndarundirbúning (t.d. stafræna kortlagningu öryggis) með æfingum í staðnámi eða vettvangsathugunum.
- Nýttu netvettvang til ígrundunar og mats eftir verklegar æfingar í staðnámi.

Helstu ESCO-færniþættir sem fjallað er um í þessari þjálfunarlotu

Að styðja aðra (T4.2)

Æft með:

Rýmingaræfingum og öryggisverkefnum (t.d. að aðstoða yngri nemendur, leiðbeina jafningjum á örugg svæði og viðhalda rólegum samskiptum meðan á viðvörunum eða viðvörunarmerkjum stendur).

Kennarar leggja áherslu á þessa færni með því að:

- Hvetja nemendur til að styðja virkt við jafningja sína eða starfsfólk sem þarf aðstoð í æfingum eða neyðartilvikum.
- Leiða umræður um samkennd, teymisvinnu og ábyrgð til að tryggja að öllum líði vel.
- Draga fram dæmi um jákvæðan stuðning jafningja sem styrkir traust, samvinnu og viðnámsþrótt innan skólasamfélagsins.

Leiðbeiningar vegna námsmats – Hvernig á að fylgjast með framförum nemenda

Undir lok þessarar þjálfunarlotu ljúka nemendur 10 spurninga fjölvalsprófi sem er ætlað að meta skilning þeirra á þeim lykilhugtökum sem fjallað var um í lotunni.

- Öryggisúttekt í skóla

Hvernig þessi aðferð virkar: Nemendur fara í litlum hópum í leiðsagða öryggisgöngu um mismunandi svæði skólans (kennslustofur, ganga, leiksvæði, rannsóknarstofur). Þeir nota einfaldan gátlista til að greina hugsanlegar hættur (t.d. stíflaðar útgönguleiðir, laus húsgögn, rafmagnskapla). Hver hópur skilar niðurstöðum og leggur til úrbætur.

Hvað þessi aðferð sýnir: Hún metur hæfni nemenda til að sjá, meta og skrá raunverulega öryggisáhættu og leggja jafnframt til hagnýtar lausnir, sem sýnir skilning þeirra á viðbúnaði og forvörnum.

- Hlutverkaleikur í neyð

Hvernig þessi aðferð virkar: Skipuleggðu stutta hermun þar sem nemendur taka að sér tiltekin hlutverk (nemandi, kennari, fyrstu viðbragðsaðili, samskiptastjóri). Í hamfaraæfingu (t.d. jarðskjálfti eða eldsvoði) þurfa þeir að fylgja neyðarferlum: rýma, aðstoða jafningja og tilkynna atvik.

Hvað þessi aðferð sýnir: Hún metur teymisvinnu, aðstæðuvitund og ákvarðanatöku í streituvaldandi aðstæðum. Auk þess sýnir hún hversu reiðubúnir nemendur eru að beita þeim öryggisferlum sem þeir hafa lært í raunhæfu skólaumhverfi.

Viðbótarefni til stuðnings

- 1. Heildstætt rammaverk um öryggi í skólum (UNESCO – UNICEF – INEE)

<https://www.unicef.org/educacion/marco-integral-para-la-seguridad-escolar>

Þetta alþjóðlega rammaverk lýsir þremur meginstoðum öryggis í skólum: öruggri námsaðstöðu, stjórnun hamfara í skólum og fræðslu um áhættuminnkun. Hentar vel kennurum sem hanna heildstæða viðbúnaðaráætlanir sem sameina stefnu, innviði og nám.

- 2. Snemmbær viðvörunarkerfi fyrir skógarelda byggð á snjóllum CO₂-skynjurum

<https://www.frontiersin.org/articles/10.3389/fpubh.2021.712358/full>

Þessi fræðigrein greinir alþjóðlegar starfsvenjur í hamfarafræðslu í skólum. Hún hjálpar leiðbeinendum að skilja árangursríkar kennsluaðferðir og hvernig fræðsla um viðbúnað hefur áhrif á öryggishegðun barna.

- 3. Stop Disasters! — gagnvirkur hermileikur frá UNDRR

<https://www.stopdisastersgame.org/>

Áhugaverð netsimulering þar sem þátttakendur hanna öruggari skóla og samfélög gagnvart vá eins og flóðum, jarðskjálftum og flóðbylgjum. Hentar vel í kennslu til að þjálfra áhættumat, ákvarðanatöku og skipulag byggðar með viðnámsprótt að markmiði.

Heimildir

- ESCO (European Skills, Competences, Qualifications and Occupations). (2024). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. <https://esco.ec.europa.eu>
- UNESCO, UNICEF og INEE. (2017). Heildstætt rammaverk um öryggi í skólum. <https://www.unicef.org/education/comprehensive-school-safety-framework>
- Frontiers in Public Health. (2021). Hamfaraviðbúnaðarfræðsla í skólum: kerfisbundin samantekt. <https://www.frontiersin.org/articles/10.3389/fpubh.2021.712358/full>
- UNDRR (United Nations Office for Disaster Risk Reduction). (án dagsetningar). Stop Disasters! – gagnvirkur hermíleikur. <https://www.stopdisastersgame.org/>

SAMSTARFSAĐILAR



<https://ied.eu/>



<https://denizli.afad.gov.tr/>



<https://neotalentway.com/>



<https://www.eva93.lv/>



<https://ngo-nfe4y.com.ua/es>



<https://vonhope.is/>

Skemmtu þér vel með VET-READY!
EINING: VIÐBÚNAÐUR VIÐ HAMFÖRUM Í SKÓLUM OG
ÖRUGGT NÁMSUMHVERFI
ÞJÁLFUNARLOTA 21: Viðvörðunarkerfi fyrir öryggi í skólum

FYLGDU

OKKUR



<https://vetready.eu/>



**Co-funded by
the European Union**